

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavíkurflugvelli, 28. febrúar 2012

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun (392. mál) og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022 (393. mál)

Icelandair Group hf., ásamt dótturfélögum (hér eftir Icelandair Group), þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreindar þingsályktunartillögur.

Icelandair Group leggst gegn þeim auknu álögum á ferðaþjónustuaðila sem þingsályktunartillögur þessar bera með sér. Það er mikilvægt að stjórnvöld hagi gjalddöku og skattheimtu með þeim hætti að samkeppnisumhverfi sé ekki raskað. Það raskar í fyrsta lagi innbyrðis samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina að láta ferðaþjónustuaðila bera sífellt meiri kostnað í þessum efnunum. Þá raskar aukin gjalddaga jafnframt stöðu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja gagnvart erlendum samkeppnisaðilum.

Með hækkun tryggingargjalds, tekjuskatta fyrirtækja, virðisaukaskatts og annarra gjalda, t.d. á Keflavíkurflugvelli ásamt innleiðingu gistináttgjalds og kolefnisgjalds hefur skattbyrði Icelandair Group aukist til muna. Takmörk eru fyrir því hvað íslenskir ferðaþjónustuaðilar geta tekið á sig mikla skattbyrði vegna harðrar alþjóðlegrar samkeppni en t.a.m. er áætlað að þrettán erlend flugfélög muni fljúga til Íslands næsta sumar.

Ef menn telja sig knúna til að leggja aukin gjöld á ferðaþjónustuna þrátt fyrir ofangreint þá væri eðlilegra að gera það með aðgangseyri að ferðamannastöðum. Öll gjöld sem leggjast á ferðaþjónustuaðila skila sér beint út í verðlagið og eru þar með til þess fallin að draga úr fjölda ferðamanna.

Með vísan til ofangreind leggur Icelandair Group til að auknar álögur sem fylgja ofangreindum tillögum verði teknar til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair Group hf.


ICELANDAIR GROUP HF
GENERAL COUNSEL

Davíð Þorláksson hdl.
Yfirlögfræðingur